

Skilablað – Velferðarráðuneyti – flutningur í Skógarhlíð 6

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins velferðarráðuneyti – flutningur í Skógarhlíð 6.

1 Upphaf verkefnis

Í útgefnu skilablaði verkefnis 633 0107 um húsnæðismál velferðarráðuneytis kemur fram að tekin var ákvörðun um að ráðuneytið flytti til bráðabirgða í húsnæði í eigu ríkisins að Skógarhlíð 6 í Reykjavík. Þar með lauk aðkomu fjármála- og efnahagsráðuneytisins að húsnæðismálum velferðarráðuneytisins hvað val á húsnæði fyrir ráðuneytið snertir, en FSR var falið að aðstoða við flutning ráðuneytisins. Um það verkefni var stofnað verknúmerið 608 1015 velferðarráðuneyti – flutningur í Skógarhlíð 6 sem hér er gerð grein fyrir.

Verkkaupi er velferðarráðuneytið. Verkefnastjóri hjá FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

2 Verklýsing

Aðal orsök flutnings velferðarráðuneytisins er að mygla fannst í þáverandi húsnæði þess. Mikil vinna fór því í að koma í veg fyrir að mygla flytti með í hið nýja húsnæði. Leitað var tilboða í sérstök mygluþríf á öllum búnaði sem ekki var mögulegt að farga. Arkitektastofan Arkiteo ehf. skipulagði fyrirkomulag í Skógarhlíðina með fulltrúum ráðuneytisins. Í ljós kom að töluvert af búnaði þyrfti að endurnýja, fyrst og fremst vegna minna húsnæðis og breytts fyrirkomulags innan deilda. Arkiteo valdi einnig allan búnað með ráðuneytinu en bókhalds- og greiðsluþjónusta var hjá FSR.

3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer er dagsett þann 9. janúar 2017 og verkefnið fékk verknúmerið 608 1015.

4 Framvinda

Flutningar ráðuneytisins voru óvenjulega flóknir, þar sem fyrst þurfti að flytja allt sem flytja átti með í nýja húsnæðið á þann stað þar sem mygluhreinsunin fór fram og svo þaðan í nýja húsnæðið, það er

tvöfaldur flutningur, auk hreinsunarinnar. Einnig voru óvenju miklir flutningar vegna alls þess sem þurfti að farga og/eða setja í geymslu. Ráðuneytið var í samstarfi við aðila innan þeirra veggja til margra ára sem það óskaði eftir að aðstoðuðu við flutninginn, en fyrirfram var nánast ómögulegt að sjá fyrir umfangið.

5 Kostnaður verksins

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í nóvember 2016, var eftirfarandi.

Heildarkostnaðaráætlun	m.kr.
Verkleg framkvæmd	37,0
Húsgögn og búnaður	30,0
Flutningar – tölvumál – öryggismál	5,0
Flutningar og þríf, þar með talin mygluhreinsun	10,0
Ýmis kostnaður: hönnun - umsjón	3,0
Alls krónur um	85,0
Ófyrirséð um 10%	8,0
Samtals	93,0

Allar fjárhæðir í töflunni eru með vsk nema ráðgjöf.

Heildarkostnaður verkefnisins var sem hér segir, en langmestur hluti verklegrar framkvæmdar í húsinu vegna flutningsins var í höndum Ríkiseigna.

Heildarkostnaður	m.kr.
Verkleg framkvæmd	3,3
Húsgögn og búnaður	36,0
Flutningar – tölvumál – öryggismál	10,0
Flutningar og þríf þ.m.t. mygluhreinsun	26,6
Ýmis kostn: hönnun - umsjón	4,4
Alls krónur	80,3

Allar fjárhæðir í töflunni eru með vsk nema ráðgjöf.

6 Niðurstaða verkefnis

Á ekki við þar sem verkefninu er lokið.

7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við þar sem verkefninu er lokið.

8 Verklok


Verkefninu var formlega lokið í árslok 2017.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvardsdóttir, forstjóri



Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri